

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 92/19/EBE

frá 23. mars 1992

um breytingu á tilskipun 66/401/EBE um markaðssetningu fóðurjurtafræja

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE ⁽²⁾, einkum mgr. 1a í 2 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda hvað varðar víxlun tegunda sem tilskipun 66/401/EBE tekur til ættu blendingar sem verða til við víxlæxlun *Festuca pratensis* Huds. og *Lolium multiflorum* Lam. einnig að heyra undir gildissvið fyrrnefndrar tilskipunar vegna aukins mikilvægis þeirra í bandalaginu.

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda ætti að breyta II. og III. viðauka fyrrnefndrar tilskipunar til að unnt sé að aðlaga þau skilyrði sem á að uppfylla um fræ og þyngd vörueininga og sýna úr *festulolium* tegundum.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 66/401/EBE:

1. Við lið a í A-lið 1. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi:

„Þessi skilgreining tekur einnig til eftirtalinnna blendinga sem hafa orðið til við víxlæxlanir þeirra tegunda sem um getur hér að framan.

Festuca pratensis Huds. × *Lolium multiflorum* Lam.

Blendingar sem verða til við víxlæxlun hávinguls og ítalsks rýgresis (þar með talið Westerwold-rýgresi) (× *Festulolium*)“.

2. Við 1. mgr. 3. gr. bætist „× *Festulolium*“ á eftir „*Festuca rubra* L.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48.

3. í 3. mgr. I. viðauka kemur „eða × *Festulolium*“ alltaf á eftir „*Lolium* teg.“.

4. Við I.2.A í II. viðauka bætist eftirfarandi á eftir „*Festuca rubra* L.“:

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
|------------------------|--------|---|----|-----|-----|-----|-----|---|----|----|----|-----------|----|---------|
| „ × <i>Festulolium</i> | 75 (a) | | 96 | 1,5 | 1,0 | 0,5 | 0,3 | | | | 0 | 0 (j) (k) | | 5 (n)“. |

5. Við II.2.A í II. viðauka bætist eftirfarandi á eftir „*Festuca rubra* L.’“:

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|------------------------|-----|--------|---|---|---|---|-------|
| „ × <i>Festulolium</i> | 0,3 | 20 (a) | 2 | 5 | 5 | | (j)“. |

6. Við III. viðauka bætist eftirfarandi á eftir „*Festuca rubra* L.“:

| 1 | 2 | 3 | 4 |
|------------------------|----|-----|------|
| „ × <i>Festulolium</i> | 10 | 200 | 60“. |

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja lög, reglugerðir eða stjórnarsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 30. júní 1992. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. mars 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.